

Hönnun og smíði

8.-10. bekkur

Kennsla í hönnun og smíði í 8.-10. bekk Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem settu eru fram í Aðalnámskrá við lok 4. bekkjar. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist námið í hönnun og smíði í eftirfarandi þætti: handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Þó náminu sé skipt í þessa 3 þætti þá skarast þessir þættir í einstökum verkefnum.

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.
Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 10. Bekkjar og eru nemendur metnir miðað við þau matsviðmið sem birt eru í Aðalnámskrá þar sem A hæfni, B hæfni og C hæfni hefur verið skilgreind í hverjum námsþætti. Í öðrum árgöngum fer formlegt lokamat ekki fram en fylgjast má með framvindu náms nemenda á hæfnikorti þeirra inni í Mentor.

Handverk

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
Nemandi getur: Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra. Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútíma samfélagi. Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágang á vinnusvæði.	Aðferðir, efni, verkfæri Ábyrg rétt notkun verkfæra Mikilvægi verkþekkingar	Sýnikennsla Verklegar æfingar Umræður	Fura Krossviður Acrylplast málmar Verkfæri Bækur Sýnishorn Sýnikennsla

Hönnun og tækni

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu. Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað. Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun. Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu. Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu. Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.</p>	<p>Fríhendis og grunnteikning Vinna sjálfstætt Verkáætlun, vinnuteikning, efnislisti, reikna kosnað</p> <p>Flóknari samsetningar Samlíming, töppun, skrúfun</p> <p>Hönnun Efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun, ending</p> <p>Tækni, atvinnulíf Nýsköpun</p>	<p>Sýnikennsla Verklegar æfingar Umræður</p>	<p>Bækur netið Sýnishorn Sýnikennsla Hönnun</p>

Umhverfi

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni
<p>Nemandi getur: Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval. Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra. Beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.</p>	<p>Efni vistvæn/óvistvæn Sjálfbærni, efnisval Endurnýja, lengja líftíma Vinnustellingar, hlífðarbúnaður Vinnuvernd, reglur</p>	<p>Sýnikennsla Verklegar æfingar Umræður</p>	<p>Bæklingar Fura Krossviður Afgangar Olía Málning lakk Umræður netið</p>